

2. febrúar

## Ágæti viðtakandi

Á næstunni mun starfsmaður Hagstofu Íslands hafa samband við þig símleiðis vegna rannsóknar á lífskjörum landsmanna.

## Lífskjararannsóknin

Rannsóknin veitir mikilvægar upplýsingar um lífskjör fólks í landinu. Sambærilegar rannsóknir eru framkvæmdar í öðrum löndum Evrópu og því mögulegt að bera lífskjör á Íslandi saman við önnur lönd.

## Hverjum er boðin þátttaka?

Þú ert í hópi 5.200 einstaklinga sem valdir hafa verið með slembiaðferð úr þjóðskrá til þátttöku í rannsókninni. Til að meta þróun lífskjara er haft samband við þátttakendur einu sinni á ári yfir fjögurra ára tímabil.

## Um hvað er spurt?

Flestar spurningar eru um húsnæði, efnahag, heilsufar og þátttöku fullorðinna heimilismanna á vinnumarkaði.

## Skipti ég máli?

Svörin eru notuð til að mæla breytingar á lífskjörum yfir tíma hjá ólíkum hópum fólks. Til að fá rétta mynd af lífskjörum þjóðarinnar er því mikilvægt að allir svari, hvort sem þeir eru ánægðir eða óánægðir með lífskjör sín. Öll svör skipta máli, ef einhver svarar ekki skekkist myndin.

## Niðurstöður

Helstu niðurstöður úr Lífskjararannsókninni eru birtar á heimasíðu Hagstofunnar á [hagstofa.is/lifskjor](http://hagstofa.is/lifskjor).

## Úrvinnsla og meðferð gagna


Fyllsta trúnaðar verður gætt við úrvinnslu rannsóknarinnar. Eingöngu starfsmenn Hagstofu Íslands hafa aðgang að grunngögnum og eru þeir bundnir trúnaði og þagnarskyldu. Einungis verða birtar heildarniðurstöður úr rannsókninni og því ekki hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda. Til að auðvelda þér þátttökuna mun Hagstofan afla upplýsinga um fasteignamat úr fasteignaskrá og upplýsinga um árstekjur heimila úr skattskrá.

## Um Hagstofu Íslands

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni. Hagstofa Íslands hefur heimild til söfnunar gagna samkvæmt lögum nr. 163/2007. Allar frekari upplýsingar má finna á heimasíðu stofnunarinnar: <http://www.hagstofa.is>

Vakni spurningar varðandi þátttöku í rannsókninni er þér velkomið að hafa samband við Guðríði Helgu Þorsteinsdóttur í síma **528-1223**.

Virðingarfyllst,



---

Ólafur Hjálmarsson,  
hagstofustjóri